

Leigusamningur

Nr. Samnings:
S23-0085

- Um tún/ræktunarland á ríkisjörð

Leigusali: (í samningi þessum nefndur leigusali/landeigandi) Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir f.h. Ríkissjóðs Íslands kt. 540269-6459	Leigutaki: (Í samningi þessum nefndur leigutaki/lóðarhafi)
Í samræmi við heimild í 34. gr. jarðalaga nr. 81/2004, leigir hér með tún í landi ríkisjarðarinnar: <i>Nafn</i> <i>Landnúmer</i> <i>Sveit</i>	
Leiguskilmálar:	
1	Nafn eða lýsing: Stærð:
1.1	Lega hins leigða og takmörk eru sýnd skv. korti Ríkiseigna, dags. xx.xx.xxxx sem telst vera hluti af leigusamningi þessum.
1.2	Hið leigða afhendist við undirritun leigusamnings þessa, í núverandi ástandi sem leigutaki hefur kynnt sér vel og gerir ekki athugasemdir við.
2.	Leigusamningur þessi gildir til 01.10.2028 (sem dæmi).
3.	Leigugjald skal reiknast í samræmi við útg. reglur hverju sinni. Ársleiga skal þó aldrei vera lægri en kr. xxxxx,- miðað við byggingarvístölu þar sem grunnvísitala (2010) er m.v. 182,7 stig í mars 2023, og breytist nefnd lágmarksleiga í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu, eins og hún er hverju sinni á gjalddaga leigunnar. Samkvæmt framangreindu er leigan í upphafi samnings miðuð við uppreiknaða leigu eða kr. xxxxxx.
3.1	Leiguna ber að greiða samkvæmt greiðsluseðli eða hjá innheimtumanni Ríkissjóðs og skal gjalddagi leigu vera 15. mars ár hvert. Fyrsti gjalddagi skal vera þann xx.xx.xxxx, fyrir tímabilið frá xx.xx.xxxx til xx.xx.xxxx.
3.2	Verði eftirgjald lóðarinnar eigi greitt á gjalddaga, má taka það lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
4.	Spildan er leigð til ræktunar, slæгна og beitar.
5.	Leigutaka er óheimilt að framleigja eða framselja leigurétt sinn og afnotarétt á landinu eða afhenda hann á nokkurn annan hátt. Ennfremur er leigutaka óheimilt að veðsetja leigurétt sinn á landinu.
6.	Leigutaka ber að ganga vel um hið leigða og alla aðkomu að því.
7.	Leigutaki sér sjálfur um allt viðhald hins leigða og nýræktun, ásamt viðhaldi og endurnýjun nauðsynlegra girðinga, hliða og vegaslóða á sinn kostnað eftir því sem hann telur þörf á vegna afnota sinna. Leigutaka er óheimilt að fara í mannvirkjagerð eða framkvæma meiriháttar breytingar á hinu leigða, s.s. að fara í meiriháttar framræstingu lands, skógrækt, vega- og brúargerð, eða byggingaleyfisskyldar framkvæmdir, nema með skriflegu samþykki landeiganda. Allt viðhald, endurbætur og viðbætur sem leigutaki kann að gera á hinu leigða á leigutímanum verður eign leigusala að leigutíma loknum án endurgjalds, nema um annað verði samið skriflega fyrir fram.

8.	Engin skylda hvílir á leigusala að tryggja aðgengi leigutaka að hinu leigða og innan þess. Leigutaki skal þó hafa kvöð um skilyrðislausu aðkomu að hinu leigða um núverandi vegi í landi jarðarinnar og vegaslóða sem liggja um aðrar ræktunarspildur í landi jarðarinnar.
9.	Leigusala er frjálst að framselja hið leigða og leigusamning þennan. Nýr landeigandi yfirtekur þá réttindi og skyldur leigusala samkvæmt samningi þessum, gagnvart leigutaka. Leigutaki hefur ekki forkaupsrétt við framsal lóðarinnar.
10.	Samningurinn fellir úr gildi alla eldri samninga sem kunna að hafa verið gerðir um sama land.
11.	Brjótí leigutaki ákvæði samnings þessa, fer ósæmilega með hið leigða eða sinnir ekki skyldum sínum hefur hann fyrirgert leiguafnotum sínum og fer þá með eignir hans í samræmi við grein 7. í samningi þessum.
12.	Við uppsögn leigusamnings þessa, af hálfu annarshvors eða beggja aðila, hefur leigusali rétt til að aflýsa þinglýsingu á leigusamningi þessum einhliða við lok hans og án sérstaks samþykkis leigutaka.
13.	Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
14.	Af leigusamningi þessum eru gerð fjögur samhljóða frumrit.

Samþykki leigutaka:

Staður og dagsetning

Undirskrift leigutaka

Vitundavottar að réttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift leigutaka

nafn

kennitala

nafn

kennitala

Framanrituðu til staðfestingar:

dags. / 20

f.h. Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna

f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins